

**Nd.**

**200. Nefndarálit**

um frv. til laga um stofnun kennaraembættis í líffærameinfræði og sóttkveikjufræði við Háskóla Íslands.

Nefndin hefir athugað, hvort brýna nauðsýn bæri til að stofna slíkt embætti er læknadeild Háskólans hefir svo mörgum mönnum á að skipa. Kennarar læknadeildar eru nú 10 að tölu og mætti því ætla, að ekki skorti starfsmenn við svo litinn skóla. Starfskraftarnir eru þó í raun og veru minni en ætla mætti eftir kennaratölunni. Átta af kennurunum eru aukakennarar, starfsmenn, sem landið notaði og launaði hvort heldur sem væri, þó þeim hafi verið aukreitis lögð sú skylda á herðar að kenna við skólann. Sjö af þeim kenna aukagreinar læknisfræðinnar, einn (hjeraðslæknirinn í Reykjavík) eina aðalgrein. Fastir kennarar við skólann eru að eins tveir. Á þessum fasta-kennurum hvílir svo mikil kensla að ekki verður með sanngirni meira krafist, en hjer er tilætlunin sú að auka við kenslu í heilli námsgrein, sóttkveikjufræði og auka kenslu að mun, einkum verklega í einni þýðingarmikilli fræðigreini, pathologi og pathologiskri anatomi. Af aukakennurum verður og tæpast krafist að kenna meira en þeir gera nú, nema þá að hækka að miklum mun laun þeirra.

Þó þetta væri ekki til fyrirstöðu- og kennarar skólans myndu fúslega vilja leggja á sig þessa aukavinnu, — þá eru önnur tormerki á því og verri viðfangs: *Enginn af kennurum skólans er þessu starfi vaxinn*, enginn hefir lært þessar sjerfræðigreinar, svo að hann geti sómasamlega tekið þær að sjer. Að minsta kosti þyrfti hann þá að dvelja erlendis í hjer um bil 2 ár til þess að nema þær til hlýtar, og fá til þess styrk af landsfje. Auk þess sem það kæmi sjer illa að missa kennara frá skólanum svo langan tíma, þá ætti hann erfitt með að sinna starfinu, er heim væri komið, jafnframt annari kenslu. Þetta úr-ræði er því miklum vandkvæðum bundið. Oss virðist því að annaðhvort verði skólinn að vera án frekari kenslu en verið hefir í þessum greinum eða nýr kennari að bætast við.

Þá er að athuga hvort brýna nauðsyn beri til að auka kensluna í þessum greinum. Nú er það svo að pathologi er þýðingarmikil grein, sem helst þarf að kennast verklega og án efa ilt fyrir læknisfræðisnemendur að fá eigi fullkomna kenslu í henni, en auk þessa er mikil nauðsyn fyrir alla lækna í Reykjavík og jafn vel um land alt, að geta látið vanan mann rannsaka í smásjá ýmsar meinsemdir til þess að taka af allan vafa um eðli þeirra og uppruna. Úr þessari þörf verður ekki bætt nema með sjerfróðum manni, æfðum í meinfræði og smásjárannsóknnum.

Þá er enn ótalið, að þess gerist mikil þörf, að til sje hjer á landi æfður sóttkveikjufræðingur, og hann jafnframt læknir, því þess gerist full nauðsyn til þess að skilja til fullnustu ýmislegt er að næmum sóttum og meinsemdum lýtur. Bæði er það ekki vanvirðulaust fyrir háskólann að hafa engum á að skipa, sem kunni þessi fræði, og auk þess er hjer að ræða um landsnauðsyn, því slíkur maður er vel til þess fallinn að vera ráðunautur landlæknis er sóttir koma upp og, ef þess gerðist þörf, að stöðva þær. Auk þessa er ætlast til að læknar í Reykjavík og nágrenninu geti fengið hjá honum vissu um vafasama sjúkdóma, hvort um taugaveiki sje að ræða, barnaveiki o. fl. sem oft getur verið vafi um, jafnvel marga daga og stundum vikur. Auðsætt er hverja þýðingu slíkt kann að hafa fyrir allar sóttvarnir.

Þrátt fyrir allt það, sem vjer höfum nú talið, hefði að líkindum þessari beiðni læknadeildar verið skotið á frest, til þess að hlífa landssjóði við kostnaði, ef ekki hefði staðið svo á að nú er vól á manni sem bæði er talinn mjög áhtlegur maður og hefir fengið sjerfræðings mentun í þessum greinum. Ef hann hefir enga vissa von um að komast að slíkum starfa áður en langt um líður sest hann að í Danmörku sem læknir, og er þá ekki líklegt að hann taki síðar við starfa þessum. Þetta var orsök þess að læknadeildin vildi ekki fyrir sitt leyti slá málinu á frest.

Að öllu atbuguðu virðist oss að hjer sje um allbrýna nauðsyn að ræða, bæði fyrir háskólann og landið í heild. Vjer viljum því mæla með því að frv. þetta sje samþykkt. Aftur teljum vjer rjettast, eftir því sem á stendur, að fje sje ekki veitt til þessa fyr en Norðurálfríðnum er lokið og í fyrsta lagi 1917. Að þessu lýtur breytingartillaga vor við 2. gr. frv. Þá þótti og rjettara að láta þess getið í

lögnum, að kennara þessum væri skylt að kenna einhverja aðra grein t. d. smá-  
sjárgerð heilbrigðra líffæra, ef þörf krefði, því ella myndi síðar krafist aukaborg-  
unar fyrir það starf.

Neðri deild Alþingis 3. ágúst 1915.

Jón Magnússon  
formaður.

Guðm Hannesson  
ritari.

Einar Jónsson. Jón Jónsson.

Samþykktur ástæðum nefndarálitsins, en sje þó ekki fært að embættið sje  
stofnað að þessu sinni.

Hjörtur Snorrason